# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 27. september kl. 09:08, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 745. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Hildur Gunnarsdóttir, Margrét Þormar, Haukur Hafliði Nínuson, Jón Kjartan Ágústsson, Lilja Grétarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason og Guðlaug Erna Jónsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

**Þetta gerðist:**

1. **Furugerði 23,** *breyting á deiliskipulagi* (01.807.4) Mál nr. SN170927 Skjalnr. 5681

640517-0850 EA11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 20. september 2019 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna atriða er varðar hljóðvegg og hljóðvist í skilmálum deiliskipulagsins. Einnig bendir stofnunin á nokkur atriði sem æskilegt er að lagfæra.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

2. **Fiskislóð 27,** *(fsp) gististaður í flokki III* (01.089.2) Mál nr. SN190573 Skjalnr. 12150

Guðjón Sverrir Rafnsson, Bretland, 650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 24. september 2019 varðandi rekstur gististaðar í flokki III í húsinu á lóð nr. 27 við Fiskislóð, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.*

3. **Funafold 42,** *breyting á deiliskipulagi* (02.860.5) Mál nr. SN190581 Skjalnr. 9328

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds. að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold. Í breytingunni felst að stækka núverandi leikskóla í Funafold og gera þar 6 deilda leikskóla auk einnar leikskóladeildar, stækka lóð leikskólans, fjölga bílastæðum, færa aðkomu að leikskólanum og færa til norðurs hjólastíg fyrir ofan núverandi lóðamörk, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. september 2019.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

4. **Dunhagi 18-20,** *Stækkun - fjölgun íbúða* (01.545.113) Mál nr. BN056641 Skjalnr. 11315

510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052641 þannig að íbúðum er fjölgað úr 20 í 23, innra skipulagi breytt og verslunarrými sameinuð í húsi á lóð nr. 18-20 við Dunhaga. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019.
Stækkun : xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019 samþykkt.*

5. **Hagamelur 67,** *(fsp) hækkun húss* (01.525.0) Mál nr. SN190488 Skjalnr. 12013

Kristjana Margr. Sigurðardóttir, Eiðismýri 8A, 170 Seltjarnarnes

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Kristjönu Margrétar Sigurðardóttur dags. 22. ágúst 2019 ásamt bréfi dags. 22. ágúst 2019 um hækkun hússins á lóðinni nr. 67 við Hagamel sem felst í að byggja allt að 3. hæða íbúðarhúsnæði ofan á núverandi verslunarhúsnæði, samkvæmt uppdr T.Ark. Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019 samþykkt.*

6. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (01.63) Mál nr. SN190535 Skjalnr. 9008

420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. september 2019 um breytingu á deiliskipulagi fyrir Háskóla Íslands, Vísindagarða, sem felst í að bætt er við byggingarreit útisvæða suðaustan við svæðið og stækkun á lóð G um 18 fm. á horni Sæmundargötu og Eggertsgötu, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 26. ágúst 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.*

7. **Hringbraut 29-31,** *Ný viðbygging - stúdentaíbúðir/hótel og samkomusalur* (01.600.201) Mál nr. BN056692 Skjalnr. 7867

540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. september 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir steyptri viðbyggingu við Gamla Garð sem í verða 69 einstaklingsherbergi/hótelherbergi og samkomusalur fyrir 65 manns, auk þess verða sameiginleg eldhús og geymslur í húsi á lóð númer 29-31 við Hringbraut.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 15. apríl 2019, greinagerð hönnuðar um aðgengi dags. júlí 2019, greinagerð Trivium nr. I vegna hljóðvistar dags. júní 2019, brunahönnun Mannvit dags. 10. september 2019. Stærð nýbyggingar: 3.309,7 ferm., 11.217,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Vesturberg 129-135,** *(fsp) sólskáli* Mál nr. SN190445 Skjalnr. 14159

160261-2779 Lilita Novikova, Vesturberg 129, 111 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Lilita Novikova dags. 18. júlí 2019 um að setja sólskála við vesturhlið hússins nr. 129 á lóð nr. 129-135 við Vesturberg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2019 samþykkt.*

9. **Rauðarárstígur 1,** *(fsp) breyting á notkun* (01.222.1) Mál nr. SN190484 Skjalnr. 13386

530514-2500 Ástrík poppkorn slf., Ásvegi 16, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Ástríks poppkorns slf. dags. 21. ágúst 2019 varðandi breytingu á notkun verslunarrýma á 1 hæð hússins á lóð nr. 1 við Rauðarárstíg í íbúðir (Fnr. 20099593 og F2009594). Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. ágúst 2019. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Ásthildar Björgvinsdóttur og Svavars Þorsteinssonar dags. 9. september 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu sviðstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt tölvupósti skrifstofu sviðstjóra dags. 27. september 2019.
*Afgreitt með vísan til tölvupósts skrifstofu sviðsstjóra dags. 27. september 2019.*

10. **Bræðraborgarstígur 1 og 3,** *(fsp) sameining lóða, stækkun húss o.fl.* Mál nr. SN190574 Skjalnr. 6253

520612-0330 HD verk ehf., Dísarási 19, 110 Reykjavík
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Hannesar Rafnssonar dags. 24. september 2019 um að sameina lóðirnar nr. 1 og 3 við Bræðraborgarstíg, hækka húsin um eina hæð/rishæð, byggja í opin rými milli húsa og byggja bílakjallara undir hluta garðrýmis, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 23. september 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Guðrúnargata 8,** *(fsp) - Setja glugga í stað bílskúrshurðar og klæða skúr* (01.247.704) Mál nr. BN056694 Skjalnr. 7810

Sunna Gunnars Marteinsdóttir, Guðrúnargata 8, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. september 2019 þar sem spurt er hvort loka megi bílskúrshurð, setja þess í stað og klæða veggi skúrs með steniklæðningu á lóð nr. 8 við Guðrúnargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2019 samþykkt.*

12. **Hafnarstræti 18,** *(fsp) stækkun húss* (01.140.3) Mál nr. SN190572 Skjalnr. 7175

700104-2650 Suðurhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Páls V Bjarnasonar dags. 23. september 2019 ásamt greinargerð dags. dags. 20. september 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 18 við Hafnarstræti sem felst í byggingu 23,5 fm. viðbyggingar við austurhlið hússins, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 20. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. september 2019.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

13. **Laugavegur 132,** *Kvistir - svalir - nýir gluggar* (01.241.004) Mál nr. BN055964 Skjalnr. 10509

Eiríkur Benónýsson, Kvistaland 16, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að gera kvisti á báðar þekjur hússins, nýjum gluggum og setja svalir á suðurhlið húss á lóð nr. 132 við Laugaveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí 2019 og 3. september 2019. Jafnframt eru lögð fram bréf Eiríks Benónýssonar og Margrétar Hjaltested dags. 15. ágúst 2019 og 18. september 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2019.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15., 24. og 28. febrúar 2019, afrit af skráningartöflu dags. 24. október 2018 og bréf til byggingarfulltrúa dags. mars 2019 og bréf til skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2019. Stækkun: XX. Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2019 samþykkt.*

14. **Hvammsgerði 3,** *Gustlokun á svalir* (01.802.502) Mál nr. BN056653
Skjalnr. 14185

Sigmar Julian Halldórsson, Hvammsgerði 3, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til loka svölum með gustlokun samkvæmt gr. 9.6.17 og gluggum á kvistum á suðurhlið breytt í húsi á lóð nr. 3 við Hvammsgerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019
Stækkun vegna B-rýmis er: 16,5 ferm., 14,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.*

15. **Jórufell 2-12,** *breyting á deiliskipulagi* (04.685) Mál nr. SN190525
Skjalnr. 13114

510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Þorkels Magnússonar dags. 4. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III - suður vegna lóðarinnar nr. 2-12 við Jórufell. Í breytingunni felst að afmarkaðir eru þrír reitir fyrir sorpskýli á lóð og verður hver reitur 20m2, núverandi byggingarheimildir fyrir bílskýli eru felldar út, fyrirkomulag bílastæða breytist og bílastæðum fækkar, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 3. september 2019. Við breytinguna mun byggingarmagn aukast og nýtingarhlutfall hækka.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

16. **Salthamrar 1,** *breyting á deiliskipulagi* (02.293.2) Mál nr. SN190514
Skjalnr. 14167

Ingólfur Freyr Guðmundsson, Helgamagrastræti 34, 600 Akureyri
Ragnar Þór Ragnarsson, Salthamrar 1, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ingólfs Freys Guðmundssonar dags. 30. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Salthamra. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit lóðarinnar til að koma fyrir viðbyggingu á suðausturhorni hússins, samkvæmt uppdr. Kollgátu dags. 23. maí 2019. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar.
*Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.*
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

17. **Gullslétta 6,** *breyting á deiliskipulagi* (34.533.704) Mál nr. SN190489
Skjalnr.

601005-0260 Teiknistofan H.R. ehf, Næfurási 2, 110 Reykjavík
421007-1600 Lækjarmelur ehf, Bæjarflöt 8, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram umsókn Davíðs Karls Karlssonar dags. 22. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir

Esjumela á Kjalarnesi vegna lóðarinnar nr. 6 við Gullsléttu. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til norðausturs um 7 metra og verður 3 metra frá lóðarmörkum, samkvæmt uppdrætti Teiknistofunnar H.R. dags. 22. ágúst 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Gullesléttu 4 og 8 og Koparsléttu 3 og 5.*
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. og gr. 12. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

18. **Kjalarnes, Esjugrund 50,** *(fsp) innkeyrsla og bílastæði* — Mál nr. SN190419, Skjalnr.

Kristján Oddsson, Esjugrund 50, 116 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Oddssonar dags. 10. júlí 2019 um að gera innkeyrslu og bílastæði á lóð nr. 50 við Esjugrund á Kjalarnesi við hlið bílskúrs. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2019.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2019.*

19. **Klettháls 13,** *breyting á deiliskipulagi* (04.346.7) — Mál nr. SN190423, Skjalnr. 10748

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
641097-3229 Fönn - Þvottaþjónustan ehf, Pósthólf 8536, 128 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 12. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kletthálss vegna lóðarinnar nr. 13 við Kletthálss. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 12. júlí 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 28. ágúst 2019 til og með 25. september 2019. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

20. **Stekkjarbakki Þ73,** *breyting á deiliskipulagi Elliðaárdals, Stekkjarbakki* (04.6) — Mál nr. SN160907, Skjalnr. 6462

Guðrún Ágústsdóttir, Mávahlíð 30, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 11. september 2019 þar sem gerð er athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi: skilmála um heimilað ljósmagn, fráveitu og önnur atriði sbr. bréfi stofnunarinnar.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

21. **Vallarás - Elliðaárdalur,** *framkvæmdaleyfi* (04.723.0) — Mál nr. SN190560, Skjalnr. 9722

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 18. september 2019 um framkvæmdaleyfi vegna gerð nýs göngu- og hjólastígs ásamt upphækkaðri gönguþverun yfir Vallarás.

Einnig er lagt fram teikningasett umhverfis- og skipulagssviðs dags. í september 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2019.
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2019 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

22. **Skerjafjörður,** *landfylling í Nýja Skerjafirði* Mál nr. SN190451
Skjalnr. 5201

590269-5149 Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 18. júlí 2019 þar sem óskað er eftir umsögnum vegna gerðar landfyllingar fyrir íbúðarbyggð í Skerjafirði. Einnig er lögð fram umsögn Samgöngustofu dags. 13. ágúst 2019, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 15. ágúst 2019, umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæða, dags. 16. ágúst 2019, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. ágúst 2019, umsögn Hafrannsóknastofnunar dags. 28. ágúst 2019 og umsögn Umhverfisstofnunar dags. 29. ágúst 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019 samþykkt.*

23. **Iðunnarbrunnur 10,** *Parhús* (02.693.704) Mál nr. BN056622
Skjalnr. 14187

Hálfdán Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 10 við Iðunnarbrunn.
Stærðir: A-rými: 276.1 ferm., 962.9 rúmm. B-rými 7.7 ferm. xx rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 2.693.7 endurútgefið 11. júní 2019 og hæðablað 2.693.7 útgáfa B3 dags. september 2009. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Brautarholt 20,** *Fjölbýlishús sameina lóð 18 og 20* (01.242.207) Mál nr. BN056695
Skjalnr. 5931

650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að sameina lóðir 18 og 20 við Brautarholt í nr. 20, rífa bakhús sem tengt er núverandi matshlutum, einnig er sótt um að byggja nýja inndregna hæð ofan á 5. hæð mhl. 02 og mhl. 01 og innrétta 64 íbúðir á 2.-5. hæð, stækka glugga koma fyrir svölum, byggja stiga og lyftuhús sem og nýtt bakhús við mhl. 03 þar verður hjólageymsla , sorpgeymsla, þvottur og sameiginlegt rými á lóð nr. 20 við Brautarholti. Dregin eru til baka erindi BN056162 og BN056161 með þessu erindi. Stækkun er samtals : 797,7 ferm., 2,754,8 rúmm. Niðurrif er samtals: 555,0 ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

25. **Stjórnarráðsreitur,** *bréf framkvæmdasýslu ríkisins* Mál nr. SN190284
Skjalnr. 9570

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lagt fram bréf framkvæmdasýslu ríkisins dags. 10. maí 2019 varðandi deiliskipulagsafmörkun á Stjórnarráðsreit. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og skrifstofu sviðsstjóra.

*Ekki er gerð athugasemd við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:55.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir Helena Stefánsdóttir